

þykktum, er þar gilda. Hið sama gildir og ef ábúendaskipti verða á jörðum þeim, sem hafa einkasíma heim til sín. Gengur hinn nýi ábúandi inn í réttindi fráfarandi búanda og undirgengst jafnframt skyldur þær, er á honum hvíla samkvæmt samþykktum félagsins. **112** 17. nóv.

7. gr.

Sveitarstjórn Ljósavatnshrepps og sýslunefnd Suður-Þingeyjarsýslu ábyrgjast starfrækslu einkasímans eftir því sem landssímastjóri mælir fyrir um, og að línunum sé að öllu leyti vel við haldið.

8. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum allt að 200 kr., er renna í sveitarsjóð Ljósavatnshrepps.

9. gr.

Breyta má samþykkt þessari samkvæmt síðustu málsgrein 4. gr. laga um einkasíma í sveitum frá 14. júní 1929.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt lögum nr. 11 14. júní 1929, um einkasíma í sveitum, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 17. nóvember 1933.

Magnús Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

S A M Þ Y K K T

um lokunartíma rakarastofa og hárgreiðslustofa í Reykjavík.

113
18. nóv.

1. gr.

Rakarastofum og hárgreiðslustofum í Reykjavík skal loka eftir því, sem ákveðið er í 2. og 3. grein samþykktar þessarar.

2. gr.

Alla virka daga árs skal rakarastofum og hárgreiðslustofum lokað ekki síðar en kl. 7 síðdegis, nema á laugardögum og miðvikudaginn fyrir sumardaginn fyrsta og uppstigningardag kl. 8 síðdegis. Stofurnar skulu ekki opnaðar aftur fyrr en kl. 8½ árdegis næsta virkan dag. Þó skulu vera þær undantekningar frá þessu, er nú greinir:

Aðfangadag jóla og gamlárskvöld skal stofunum lokað ekki síðar en kl. 4½ síðdegis og laugardaginn fyrir páska og hvítasunnu ekki síðar en kl. 6 síðdegis.

113 Síðasta virkan dag fyrir aðfangadag jóla skal heimilt að halda rakarastofum og hárgreiðslustofum opnum til kl. 11. Ennfremur skal heimilt að halda rakarastofum og hárgreiðslustofum opnum til kl. 9 síðdegis næstsíðasta virkan dag fyrir aðfangadag jóla, miðvikudaginn fyrir skirdag og föstudaginn fyrir hvítasunnu.

Á tímabilinu frá 1. júní til 31. ágúst skal á laugardögum loka stofunum ekki síðar en kl. 6 síðdegis.

3. gr.

Almenna helgidaga, sumardaginn fyrsta og fyrsta mánudag í ágúst mega engar rakarastofur eða hárgreiðslustofur vera opnar. Dagana 1. maí, 17. júní og 1. desember skal loka stofunum kl. 2 e. h.

4. gr.

Menn, sem eru komnir inn í rakarastofur eða hárgreiðslustofur fyrir lokunartíma, er heimilt að afgreiða eftir að lokað er.

5. gr.

Lögreglustjóra er heimilt að veita undanþágur frá ákvæðum þessarar samþykktar, þegar sérstaklega stendur á.

6. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum 20—500 krónum og renna sektirnar í bæjarsjóð.

Mál út af brotum gegn samþykktinni skal reka sem almenn lögglumál.

Samþykkt þessi, sem gerð er af bæjarstjórn Reykjavíkurkaupstaðar, samkvæmt lögum nr. 79, 14. nóvember 1917, um samþykktir um lokunartíma sölubúða í kaupstöðum, sbr. lög nr. 9, 2. ágúst 1918 og lög nr. 12, 7. maí 1928 um viðauka við þau lög, er hér með staðfest til að öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi numin samþykkt frá 21. marz 1929 um lokunartíma rakarastofa og hárgreiðslustofa í Reykjavík.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 18. nóvember 1933.

Þorsteinn Briem.

Vigfús Einarsson.